

111  
27. des.

## L Ö G

um viðauka við lög nr. 50 25. maí 1950, um togarakaup ríkisins.

### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

#### 1. gr.

Við 1. mgr. 1. gr. laganna bætist ný málsgr., þannig:  
Einnig er ríkisstjórninni heimilt að kaupa einn togara innanlands og taka til þess nauðsynleg lán.

#### 2. gr.

Á eftir 2. gr. laganna komi ný grein, svo hljóðandi:  
Ríkisstjórninni er heimilt að ábyrgjast allt að 6.5 millj. króna lán til kaupa á gömlum togurum og til að setja oliukyndingartæki í þá, gegn 1. veðrétti í skipunum, enda fari ábyrgðin ekki fram úr 90% af kostnaðarverði eða matsverði skipanna með oliukyndingu.

#### 3. gr.

Með lögum þessum er úr gildi felld 2. gr. laga nr. 50 16. marz 1951, um breyting á lögum nr. 50/1950, um togarakaup ríkisins.

#### 4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört að Bessastöðum, 27. desember 1951.*

**Sveinn Björnsson.**  
(L. S.)

*Steingrímur Steinþórsson.*

112  
27. des.

## L Ö G

um breyting á lögum nr. 115 19. nóv. 1936, um þingsköp Alþingis.

### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

#### 1. gr.

Fyrsta málsgr. 16. gr. laganna orðist svo:  
Á 2. fundi sameinaðs Alþingis skulu kosnar þessar fastanefndir:  
1) fjárveitinganefnd, skipuð 9 mönnum,  
2) utanríkismálanefnd, skipuð 7 mönnum og 7 til vara,  
3) allsherjarnefnd, skipuð 7 mönnum.

Fjárveitinganefnd fjallar um frumvörp til fjárlaga og fjáraukalaga og þingsályktunartillögur, sem til hennar kann að verða vísað og fara fram á útgjöld úr ríkissjóði. Til utanríkismálanefndar skal vísað utanríkismálum. Utanríkismálanefnd kys úr sínum hópi með hlutfallskosningu 3 menn til ráðuneytis ríkisstjórninni um

utanríkismál, enda skal stjórnin ávallt bera undir þá slík mál, jafnt milli þinga sem 112  
 á þingtíma. Með sama hætti kýs nefndin úr hópi varamanna sinna 3 menn til vara, 27. des.  
 er kvaddir skulu til í forföllum aðalmanna. Til allsherjarnefndar skal vísa öðrum  
 málum, sem sameinað þing ákveður.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og jafnframt eru úr gildi numin l. nr. 56 1938, um  
 breyt. á l. um þingsköp Alþingis, nr. 115 19. nóv. 1936.

*Gjört að Bessastöðum, 27. desember 1951.*

**Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

*Steingrímur Steinþórsson.*

**L Ö G**

um stofnun og rekstur Iðnaðarbanka Íslands h/f.

113

29. des.

**FORSETI ÍSLANDS**

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með sam-  
 þykki mínu:

I. KAFLI

Um stofnun Iðnaðarbanka Íslands h/f.

1. gr.

Stofna skal hlutafélag, er heiti Iðnaðarbanki Íslands h/f. — Hlutverk félagsins  
 skal vera að starfrækja banka, er sérstaklega hafi að markmiði að styðja verk-  
 smiðjuiðnað og handiðn í landinu.

2. gr.

Heimili og varnarþing félagsins skal vera í Reykjavík. Félagsstjórninni skal  
 þó vera heimilt að ákveða, að bankinn hafi umboðsskrifstofu og útibú utan Reykja-  
 víkur.

3. gr.

Hlutafé félagsins skal nema allt að 6½ milljón króna. Ríkissjóður skal leggja  
 fram allt að 3 milljónum króna. Félag íslenzkra iðnrekenda og Landssamband  
 iðnaðarmanna skal safna og leggja til hvort um sig 1½ milljón kr. hlutfjár, en  
 ½ milljónar kr. skal aflað með hlutfjársöfnun innanlands samkvæmt opinberu  
 útboði, þegar stjórn hlutafélagsins ákveður að fengnu samþykki fjármálaráðherra.

4. gr.

Á hluthafafundi félagsins skulu engar takmarkanir vera á atkvæðisrétti að  
 því er hlutafé ríkissjóðs snertir.

II. KAFLI

Um stjórn hlutafélagsins.

5. gr.

Stjórn félagsins skal kosin með hlutfallskosningum á árlegum aðalfundi. Skal  
 hún skipuð 5 aðalmönnum og 5 mönnum til vara, er kosnir skulu á sama hátt.